

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



7. fundur Starfshóps um Ásvelli, haldinn á Ásvöllum, þann 13.nóvember 2018, kl.16:00.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður
Anna Karen Svövdóttir
Jón Garðar Snædal Jónsson
Samúel Guðmundsson
Ágúst Sindri Karlsson

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu
Geir Bjarnason	Íþrótt- og tómstundarfulltrúi
Rósa Steingrímsdóttir	Sviðsstjóri fjármálasviðs
Magnús Gunnarsson	Framkvæmdastjóri Hauka

Eftirtaldir sátu fundinn einnig: Helgi Már Halldórsson arkitekt frá ASK arkitektum, Andri Klausen frá ASK arkitektum og Pétur Jónsson frá Landark.
Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Húsrýmisáætlun – farið yfir stærðir knatthús og aðstöðuhús

Áfram farið yfir húsrýmisáætlun knatthússins og samlegð við nálægar byggingar og aðstöðu á svæðinu. Magnús Gunnarsson gerði grein fyrir fundi með ASK arkitektum vegna væntanlegrar stúku og aðstöðuhúss. Niðurstaðan er að halda áfram að skoða aðstöðuhús í tengslum við knatthús.

2. Kostnaðaráætlun

Farið var yfir teikningar frá ASK arkitektum vegna knatthúss og aðstöðuhúss, einnig farið yfir staðsetningu á bílastæðum tengdum knatthúsinu. Ræddir voru kostnaðarliðir vegna húsanna. Starfshópurinn samþykkir að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir knatthús annarsvegar 80 m að breidd og hins vegar 82,5 m að breidd, lengd sé 120 metrar, aðstöðuhús sé um 880 fermetrar og bílastæði.

3. Deiliskipulag

Farið yfir stöðu á deiliskipulagi vegna Ásvalla, skipulags- og byggingarráð hefur samþykkt að setja af stað vinnu vegna deiliskipulags Ásvalla

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:30

Næsti fundur verður að Ásvöllum 27. nóvember október kl. 16:00.

Sigurður Haraldsson